

HELGI SKÚLI KJARTANSSON

VÍSAN UM FÖNIX

Örlitil viðbót við forníslenskan kveðskap

Kom heill, Fénix,
hingat til lands!
Þú glóar allr
sem gull rautt.
Allra fugla
ertu konungr.

ÞESSI VÍSA finnst í alfræðihandritinu AM 194 8vo (ritað 1387), því sem Kristian Kálund gaf út megnið af 1908 og gaf heitið *Alfræði íslensk*.¹ Áður hafði Konráð Gíslason birt hana² og síðan aðrir eftir útgáfu Kálunds.³ Textinn er sem sagt vel þekktur og margútgefinn, en án þess að setja vísuna upp í ljóðlinum eða vekja athygli á að hún sé í bundnu máli. Að gera það er erindi þessa greinarkorns.

Framarlega í handritinu er *Leiðarvísir* Nikulásar ábóta, framan við hann stutt heimslýsing eða landafræðiágrip, en á undan því þrjár smákaflar, sá fyrsti

1 *Alfræði íslensk/Íslandsk encyklopædisk litteratur*, 1. b., *Cod. mbr. AM. 194, 8vo*, útg. Kristian Kálund, STUAGNL, 37. b. (Kaupmannahöfn: S. L. Møller, 1908), 5 (í kaflanum „Hoc dicit Moyses de Paradiso“, 3–5). Útgáfa Kálunds er vægilega stafrétt (upphafsstafir og greinarmerki samræmd) en stafsetning samræmd hér.

Hér reynir ekki á rithátt *æ* eða *ö*, en öðrum fornmálgildum er valin stafsetning með *æ* og *ø* (og *ø* ef það kæmi fyrir).

Valið að rita ‚Fénix‘ frekar en ‚Fenix‘ til samræmis við latínuna (Phēnix < Phoenix) þar sem skrifarar hafa væntanlega litið á nafnið sem latneskt og sérhljóðið því langt. Í hljóðdvalarbreytingunni hefur sérhljóðið þá haldist langt en fyrirmynd latínunnar ráðið því að úr því varð langt *e* frekar en *é*, rétt eins og nafnið ‚Mária‘ fékk langt *a* — ‚María‘ — en ekki tvíhljóðið *á*.

Hauki Þorgeirssyni þakka ég þarfar athugasemdir, m.a. um ritháttinn ‚Fénix‘.

2 *Fire og fyrretýve ... próver af oldnordisk sprog og literatur*, útg. Konráð Gíslason (Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1860), 408.

3 *The Phoenix*, útg. N. F. Blake, *Old and Middle English Texts*, 4. b. (Manchester: Manchester University Press, 1964), 98; *Sturlunga saga*, 3. b., *Skýringar og fræði*, útg. Örnólfur Thorsson et al., 2. útg. (Reykjavík: Mál og menning, 2010), 50.

örstuttur um *Mósebækurnar*, hinir um Paradís, hvor með sinni latnesku fyrirögn. Fuglinn Fönix kemur við sögu í báðum Paradísarköflunum og er vísan í þeim fremri. Önnur heimslýsing er í handritinu AM 764 4to⁴ (ritað um 1375) og þar skotið inn í Asíulýsinguna hluta af fyrri Paradísarkaflanum,⁵ einmitt með vísunni. Texti innskotskaflans er náskyldur hinu handritinu, með nokkrum orðamun þó, m.a. í vísunni sem hér hljóðar svo:

Kom heill, Fénix,
hingat til lands!
Þú glóar
sem gull rautt.
Allra fugla
konungr ertu.

Hér eru tvö frávik í orðalagi: „glóar“ í stað *glóar allr* og „konungr ertu“ í stað *ertu konungr*. Báðar virðast þær, fljótt á titið, gera bragformið óreglulegra. Það er þó ekki einsýnt, eins og rætt verður síðar. Á hvorugum staðnum er hægt að fullyrða hvort lesbrigðið er upprunalegra, né heldur hvort breytingin hefur orðið hjá skrifara sem hirti ekki um bragformið, eða þvert á móti hjá skrifara sem vildi laga braginn.

Paradísarkaflarnir tveir eiga sér mjög nána hliðstæðu í fornenskri hómilíu sem varðveitt er í tveimur handritum frá 11. og 12. öld.⁶ Efnið er

- 4 Gefin út (stranglega stafrétt) hjá Rudolf Simek, *Altnordische Kosmographie: Studien und Quellen zu Weltbild und Weltbeschreibung in Norwegen und Island vom 12. bis zum 14. Jahrhundert*, Ergänzungsbände zum Reallexikon der germanischen Altertumskunde, 4. b. (Berlin/New York: de Gruyter, 1990), 436–42 (eftir aðalhandriti og tveimur afskriftum). Um handritið og efni þess sjá Svanhildur Óskarsdóttir, „The World and its Ages: The Organisation of an ‘Encyclopaedic’ Narrative in MS AM 764 4to,“ í Gareth Williams og Paul Bibire, ritstj., *Sagas, Saints and Settlements, The Northern World*, 11. b. (Leiden: Brill, 2004), 1–11.
- 5 Birtur hjá Simek, *Altnordische Kosmographie*, 166, vægilega stafréttur, eyður aðalhandrits fylltar eftir afskriftum.
- 6 Birt (sem „The Phoenix Homily“) í *Early English Homilies: From the Twelfth Century MS. Vesp. D. XIV*, útg. Rubie D.-N. Warner, Early English Text Society, Original Series, 152. b. (London: Early English Text Society, 1917) 146–48; einnig (sem „The Prose Phoenix“) í *The Phoenix*, 94–96.

að langmestu leyti það sama á báðum málunum,⁷ í sömu röð og víða orðréttar samsvaranir. Fræðimenn hafa rýnt í tengsl textanna en ekki fundið einhlítar skýringar.⁸ Að baki sameiginlegum frumtexta hljóta að vera heimildir á latínu, þó að meginfrásögn fyrri kaflans, sú sem vísan er hluti af, sé ekki þekkt úr helstu Fönix-sögnum miðalda.⁹ Þar með er ekki sagt að frumtextinn sjálfur sé saminn á latínu.¹⁰ Orðalagslíkindi með ensku og íslensku gerðunum eru sums staðar of nán til að auðvelt sé að skýra þau með tveimur óháðum þýðingum. Ef textinn er þýddur úr annarri þjóðtungunni á hina, þá myndi bæði aldur handritanna og allar aðstæður benda til að frumtextinn sé fremur enskur.¹¹ Viss atriði mæla þó líka gegn þeirri skýringu.¹²

- 7 Sá enski er heldur orðfleiri og hefur ýmis smáatriði fram yfir. Þó hefur knappari texti íslensku gerðarinnar líka sín atriði umfram, t.d. Adam og hinn forboðna ávöxt og ræningjann sem Jesús hét vist í Paradís. Þá ber það á milli að hómilian hefur alla lýsinguna eftir Jóhannesi postula, íslenska gerðin aðeins seinni kaflann en eignar Móse þann fyrri. Þetta er allt í 194 þar sem 764 er ekki til samanburðar. Hins vegar fylgir 764 ensku gerðinni um það að Paradís sé „fjórúnum tígum *faðma* hærri en Nóaflóð gekk“ (Simek, *Altnordische Kosmographie*, 441) sem 194 breytir í fjóra tugi *milna* og bætir við, því til samræmis, að hún sé „jafn nær himni ok jörðu“. Þannig bendir ýmislegt til að textinn í 194 hafi ekki aðeins sætt venjulegum breytingum í uppskriftum heldur meðvituðum efnisbreytingum.
- 8 Síðast og rækilegast Sara M. Pons-Sanz, „Two Compounds in the Old English and Old Norse Versions of the Prose Phoenix,“ *Arkiv för nordisk filologi* 120 (2007). Sbr. David Yerkes, „The Old Norse and Old English Prose Accounts of the Phoenix,“ *Journal of English Linguistics* 17 (1984).
- 9 Simek, *Altnordische Kosmographie*, 166–69.
- 10 Latínuglósur í varðveittu gerðunum sýna aðeins að frumtextinn var latínuskotinn, ekki endilega allur á latínu. Þær eru sjaldnast þær sömu á báðum málum (á íslensku t.d. „hoc dicit“ og „kristallus“ fyrir „nū sæizð hēr“ og „cristal“; á ensku „fons vite“ fyrir „brunnr góðr“), trúlega allar upprunalegar en hefur fækkað í varðveislunni, eins og áþreifanlega má sjá þar sem yngri enska handritið hefur þýtt „Paradisus“ (svo í hinum þremur) sem „neorx-enevang“.
- 11 Þó að enskir klerkar hefðu þegar á 11. öld tengsl við bæði Noreg og Ísland, þá er býsna langsóttur möguleiki að þeir hafi kynnst þar norrænum textum um svo framandleg lær-dómsefni. Fuglinn Fönix var hins vegar gamalt viðfangsefni enskra móðurmálsbókmennta. Um það ber vitni gríðarlangt kvæði um hann undir ensku fornryðislagi, talið frá 9. öld, sem orðalag hómilíunnar sýnir viss áhrif frá (gefið út í *The Phoenix* og í „The Phœnix,“ útg. James W. Bright, *Wikisource*: [https://en.wikisource.org/wiki/Bright's_Anglo-Saxon_Reader/The_Phoenix.](https://en.wikisource.org/wiki/Bright's_Anglo-Saxon_Reader/The_Phoenix))
- 12 Eins og Yerkes heldur kröftuglega fram í ofanefndri grein. Einkum eru það orðin „karlfugel“ og „cwēnefugel“ sem eru óvæntar orðmyndir á ensku en gætu sem best verið þýðing á „karlfugl“ og „kvenfugl“ íslenska textans.

Enski textinn hljómar skáldlega, er nánast allur mjög stuðlaður, sums staðar nokkuð háttbundinn en varla svo að auðvelt sé að sjá í honum ljóðlínur. Sama stíl bregður fyrir á íslenskunni, t.d. um trén í Paradís: „þau er með allri fegrð standa ok bera á sér alls kyns blóm ok birti epla ok aldina með mörqu móti“ — klausa sem ekki á sér orðréttu samsvörun á enskunni. Víðast er textinn þó með lausamálsblæ og vísan sker sig greinilega úr með reglulegum ljóðlínunum. Samsvarandi enskur texti er áþekkur að orðalagi, mjög stuðlaður en skipast ekki eins reglulega í braglínur:

Kom heill, Fénix,
hingat til lands!

Þú glóar allr / Þú glóar
sem gull rautt.
Allra fugla
ertu konungr / konungr ertu.

Hāl bēo þū, fenix,¹³
fugele fæzerest.
Feorren þū cōme.
Þū glitenest
swā rēad gold,
ealra fugela king,
fenix zehāten.

Hér eru ljóðstafir merktir með undirstrikun. Aðeins eitt af þremur línuþörum íslenskunnar notar sömu orð og enskan til að bera stuðla. Það er því ekki eftirlíking enska textans sem gefur þessari klausu ljóðform heldur hefur íslenskur þýðandi (eða hugsanlega afritari) ákveðið að láta ljóðformið afmarka beina ræðu (þetta eru Egyptar að fagna fuglinum Fönix) eins og svo algengt er í margs konar fornritum.

Ljóðformið er hér nánast fornyrðislag, líkt og t.d. tíðkast í ýmsum fornaldarsögum. Reyndar aðeins sex vísuorð í stað átta, en slík frávik eru algeng.

Vísuorðið „sem gull rautt“ er nokkuð sérkennilegt. Sjaldgæft er að

13 Hér er ritað „Fenix“, ekki „Fēnix“, í samræmi við útgáfurnar (sjá nmgr. 6). Handbækur virðast þó fremur gera ráð fyrir „Fēnix“, a.m.k. í fornensku og jafnvel miðensku líka, enda er það í samræmi við latinuna. Í forn-enska ljóðinu um fuglinn Fönix er hann nefndur því nafni sjö sinnum (hér miðað við útgáfu Brights af því hún er leitarhæf á netinu), ritað sex sinnum „Fēnix“ en með *e* í braglínunni „Fenix biþ on middum“, væntanlega bragarins vegna svo að „Fenix“ með stuttu áhersluatkvæði geti jafngilt einu löngu atkvæði. Hin dæmin sex eru líka öll í fimm og sex atkvæða ljóðlínunum, aldrei í ferkvæðum vísuorðum sem þó eru ekki sjaldgæf í kvæðinu, og ekkert dæmið þannig að stutt atkvæði þurfi að spilla brag. Virðist því ólíklegt að skáldið hafi haft langt sérhljóð í nafninu. Ef íslenski þýðandinn þekkti þennan fugl aðallega af enskum heimildum er ekki heldur víst að hann hafi fylgt latínunni í lengd sérhljóðsins, sbr. nmgr. 1.

áhersluatkvæðin tvö standi saman í lok línu. Þó finnast þess dæmi á við og dreif, t.d. tvö vísuorð í *Völundarkviðu* sem bæði enda á orðunum „gull rautt“ — eins og það hafi verið einhvers konar hefð að leyfa einmitt þeim að rjúfa hina venjulegu hrynjandi fornryðislagsins. Þá er vísuorðið aðeins þrjú atkvæði. Svo stuttar línur eru sjaldgæfar (nema helst í ljóðahætti) en þó ekkert einsdæmi, hvorki í fornlegum kveðskap¹⁴ né unglegum.¹⁵

Línan á undan, „Þú glóar allr,“ er í rauninni jafnstutt, þrjár „bragstöður“, því að *glóar* með stuttu áhersluatkvæði jafngildir einu löngu atkvæði, a.m.k. ef það stendur í fyrri risi ljóðlínunnar eins og það virðist gera hér. Í hinu handritinu, 764, eru þessi lína enn styttri: „Þú glóar“. En með þeim leshætti ber *þú* fyrri risið og getur þá *glóar* fyllt tvær bragstöður. (Frá bragfræðilegu sjónarmiði er vísuorðið sem sagt jafnstutt hvort sem risatkvæðinu *allr* er bætt við eða sleppt!) Á sama hátt má áhersluorðið *konungr*, með stutt stofnatkvæði, gilda sem tvíkvætt ef það ber síðara ris vísuorðsins.¹⁶

Á undan slíku síðara risi á, í reglulegum brag, að fara langt atkvæði (eða þung bragstaða),¹⁷ ekki stutt atkvæði og áherslulaust eins og *u*-endingin í

- 14 Kristján Árnason bendir á (*Stíll og bragur: Um form og formgerðir íslenskra texta* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2013), 222–23) að í kveðskap undir fornryðislagi eða málahætti í *Konungsbók Eddukvæða* séu 142 ljóðlínur þríkvæðar eða styttri, þar af níu í hinn fornlegu *Atlakviðu* — þá að vísu meðtaldar línur sem misst hafa atkvæði við hljóðbreytingu: „jó eyrskán“ < „skáan“.
- 15 Vísa má í kveðskap sem eignaður er Örvar-Oddi: „réð ek allr“, „falla lét“, „ítran son“ (*Den norsk-islandske skjaldedigtning*, útg. Finnur Jónsson, 4 bindi (Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1912–15), 2B:316–17). Eins má ætla að þegar lærdómsmaðurinn Gunnlaugur Leifsson (um 1200) valdi fornryðislag til að þýða *Merlínusþá*, hafi hann ekki með öllu neitað sér um línur af þessari lengd þó að handritstextinn noti hundrad árum síðar annarlegu orðmyndirnar „sagaðr“ og „sagar“ (af *segja*) til að teygja vísuorð upp í fjögur atkvæði (*Den norsk-islandske skjaldedigtning*, 2B:22, 24).
- 16 Þessi munur á fyrri og síðara risi er skemmtilega dreginn fram í vísuhelmingi undir kviðuhætti sem Ólafur hvítaskáld tekur upp í *Þriðju málfraðiritgerðinni* (*Den norsk-islandske skjaldedigtning*, 1B:597):

Konungr kappgjarn,
kostum betri
allri þjóð,
alframr *konungr*.

Hér á fyrsta vísuorðið aðeins að vera þrjár bragstöður, eins og það þriðja, og fyllir „konungr“ þá fyrstu, jafngildir þar einu löngu atkvæði. Í síðasta vísuorði fyllir sama orð tvær bragstöður af fjórum.

- 17 Vísuorðið „Kom heill, Fénix“ væri rétt myndað þó lesið sé „Fenix“, með stuttu stofnatkvæði, því að á undan því fer langa atkvæðið „heill“.

„ertu konungr“. Slíkt er ekki dæmalaust¹⁸ en hefur vafalaust talist braglýti, bæði á 14. öld og áður. Ef þessi gerð vísuorðsins var í erkiriti handritanna tveggja má vera að hinn leshátturinn, „konungr ertu“, sé lagfæring bragarins vegna, jafnvel þótt hún kosti að línan styttist niður í þrjár bragstöður og höfuðstafur falli á síðara ris — hvort tveggja er til þó ekki sé það algengt.¹⁹

Paradísarkafllann með Fönix-vísunni má bera saman við *Tryggðamál* þjóðveldislaganna.²⁰ Þar er munurinn óljósari milli lauss máls og bundins, nánast hver setning stuðluð (minnir þar meira á ensku hómilíuna) og ljóðlínur víða greinanlegar en ekki mjög skipulegar eða samfelldar. Ljóðformið er einna skýrast á eftirfarandi kafla:²¹

...
 sem menn víðast
 varga reka,
 kristnir menn
 kirkjur sækja,
 heiðnir menn
 hof blóta,
 eldr upp brennr,
 jörð grær,

- 18 Vísuorðið þá helst lengra en fjögur atkvæði eða bragstöður; sú gerð braglínu er algeng í ljóðahætti (1, stuttlinunum 1–2 og 4–5) og bregður fyrir í fornyrðislagi. Af fáum ferkvæðum dæmum má nefna „austan þaðan“ og „langt um farit“ í *Örvar-Odds sögu* (*Den norsk-islandske skjaldedigtning*, 2B:305, 315). Um hvorugt eru handritin þó sammála, hvort sem braglýtin stafa af mistökum afritara eða aðrir skrifarar hafa séð ástæðu til að lagfæra þau. Hér á eftir kemur við sögu braglína af sömu gerð: „varga reka“, en hún er ekki í reglulegu kvæði.
- 19 Ef braglýtið stafar af misritun, þá má helst ímynda sér frumgerðina „ertu kóngr“ sem væri þríkvæð en að öðru leyti regluleg, og *kóngr* svo kannski ritað með styttingu sem hægt var að misskilja. Þetta er ekki tilgáta um frumgerð, aðeins langsóttur möguleiki.
- 20 Gefin út af Andreas Heusler og Wilhelm Ranisch í *Eddica Minora: Dichtungen eddischer Art aus den Fornaldarsögur und anderen Prosawerken* (Dortmund: Wilh. Ruhfus, 1903), 129–32, eftir báðum gerðum *Grágásar* og skyldum klausum í Íslendingasögum, og sett upp í ljóðlínur eins og frekast er unnt. Sbr. umræðu, með samanburði við hliðstæðar formúlur í norskrum lögum, í inngangi, cii–cviii.
- 21 *Grágás: Íslandernes Lovbog i Fristatens Tid, udgivet efter det kongelige Bibliotheks Haandskrift*, útg. Vilhjálmur Finsen, Nordiske Oldskrifter, 11. og 17. b. (Kaupmannahöfn: Berlings Bogtrykkeri, 1852), [Ia]:206, texti *Konungsbókar* (ritháttur samræmdur með hliðsjón af tilvitnun Einars Ól. Sveinssonar, *Íslenzkar bókmenntir í fornöld*, 1. b. (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1962), 173). Mun styttra í *Staðarhólsbók*, orðalag annars svipað.

*mogr móður kallar
 ok móðir mog fæðir,
 aldir elda kynda,
 skip skriðr,
 skildir blíkja,
 sól skínn,
 snæ leggr,
 Fiðr skriðr,
 fura vex,
 valr flýgr
 várlangan dag
 stendr hánum byrr beinn
 undir báða vængi.*

Þetta er þuluform án erindaskila og minnir að því leyti á heitaþulur *Snorra-Eddu*; braglínur eru margvíslegar, nokkrar (hér auðkenndar með skáletrun) sérstuðlaðar líkt og ‚langlínur‘ ljóðaháttar, annars stuðlað eins og fornyrðislag en hrynjandi mjög sveigjanleg. Hér er mikið um stuttar braglínur, jafnvel hver af annarri aðeins tvíkvæðar.²² Og þótt línan sé lengri kemur fyrir að áhersluatkvæðin standi saman í lok vísuorðs („byrr beinn“), einmitt eins og í Fönix-vísunni. Álitamál er hvort þetta má kallast óreglulegt fornyrðislag. Ef talað er um máláhátt sem sérstakan bragarhátt, aðgreindan frá fornyrðislagi af því sérkenni að mörg eða flest vísuorð séu í lengra lagi, þá má eins skilgreina ‚þuluhátt‘ sem greinist frá fornyrðislagi af óljósari vísna-skilum, breytilegu stuðlamynstri og misjafnari lengd vísuorða sem oft eru styttri frekar en lengri (minna þar á pörudu vísuorðin í ljóðahætti). Á þann mælikvarða er bragform *Griðamála* dæmigerður þuluháttur en Fönix-vísan líkari fornyrðislagi þrátt fyrir sín sérkenni.

Hvernig vísukornið um Fönix nánast hverfur í lausamálstextann er dæmigert fyrir varðveislunni ýmiss konar kveðskapar og kvæðabroti í fornbókmenntum. Í handritum er bundið mál sjaldan nákvæmlega afmarkað, og textinn gerir ekki alltaf ljóst hvort tilsvör eiga að teljast í lausu máli eða bundnu eða hvar mörkin liggja milli vísu og lausamáls. Útgefendur þurfa að álykta af textanum sjálfum hvað sé laust mál og hvað bundið, en

22 Eða sem því svarar; „fura vex“ er ígildi tveggja langra atkvæða.

það liggur ekki alltaf í augum uppi.²³ Í sögum, sem byggja á kveðskaparheimildum, vottar stundum fyrir ljóðlínunum í textanum án þess að ætlunin sé endilega að vitna í þær sem bundið mál. Hefur einkum verið vakin athygli á slíku í fornaldarsögum sem að einhverju leyti munu samdar upp úr ljóðum í ætt við eddukvæði.²⁴ En svipað kemur fyrir í öðrum sögum, t.d. Íslendingasögum þar sem tilsvör eru iðulega stuðluð og hrynjandi getur stundum minnt á bundið mál án þess það vísi endilega á kveðskaparheimildir. Til dæmis mun varla gert ráð fyrir neinum kveðskap í samtali þeirra Snorra goða og Bjarnar Breiðvíkingakappa²⁵ þó að Snorri segi:

Svá hefir þú fangsæll orðit / á fundi várum,

og Björn litlu síðar:

Satt er þat / er nú segir þú.

Hins vegar hefur Heather O'Donoghue getið þess til að áþekkt tilsvor í *Kormáks sögu*:

Svört eru augun, systir, / ok samir þat eigi vel,

eigi rætur í ljóði, þá helst undir málahætti.²⁶ Slíkt er þó vandséð vegna

23 Taka má dæmi af gátum Gestumblinda í *Heiðreks sögu*, þar sem gátur sjálfar eru í ljóðformi, þó mjög óreglulegt sé, en svör Heiðreks birt sem lausamál í sumum útgáfum (t.d. í *Fornaldarsögur Norðurlanda*, útg. Guðni Jónsson (Reykjavík: Íslendingasagnautgáfan, 1950), 2:38ff en ljóðlínur í öðrum (svo í *Eddica minora*, 106 o.áfr.), ekki miklu óreglulegri en í gátunum sjálfum:

Góð er gáta þín
Gestumblindi.
Getit er þeirar.

Líkt er um vísu völvu nokkurrar í *Hrólfs sögu kraka* sem í útgáfum (t.d. *Fornaldarsögur Norðurlanda*, 1:9) er sex vísuorð, en ræða völvunnar heldur áfram og hægt að lesa í hana tvö vísuorð í viðbót, reyndar nokkuð óregluleg:

nema þeim sé fljótt
fyrirfarit.

24 Dæmi um slík vafamál rekja Heusler og Ranisch í inngangi að *Eddica minora*, sjá einkum lvi–lix.

25 *Eyrbyggja saga*, útg. Einar Ól. Sveinsson, Íslenzk fornrit, 4. b. (Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 1935), 134–35.

26 Heather O'Donoghue, *The Genesis of a Saga Narrative: Verse and Prose in Kormaks saga*, Oxford English Monographs (Oxford: Clarendon Press, 1991), 28–29.

Þess hve stuðlun var tíð í lausu máli, einkum tilsvörum. Og jafnvel þótt orðalagið kynni að vísa í kveðskap er ómögulegt að segja til um bragarháttinn. Örfá varðveitt dæmi sýna hvernig hægt var, a.m.k. á 12. og 13. öld, að varpa fram kviðlingum án þess að binda sig við hefðbundna bragarhætti eddukvæða og ,skáldakvæða‘. Í *Sturlungu* er einn sem hefst eins og vandasta fornyrðislag:²⁷

Loftr er í Eyjum, / bítr lunda bein.

En er botnaður með annarri hrynjandi (e.t.v. í ætt við málahátt) og endarími, en óljósum stuðlum:²⁸

Sæmundr er á heiðum / ok etr berin ein.

Eins eru málnotkunardæmi *Fyrstu málfræðiritgerðarinnar* ýmislega stuðluð og rímuð en hrynjandi ólík hefðbundnum bragarháttum:²⁹

Súr eru augu sýr, / slík duga betr en spryngi ýr.

Svá er mörq við ver sinn vær / at varla of sér hon af honum nær.

Undir sínu næstum reglulega fornyrðislagi er Fönix-vísan miklu nær kveðskaparhefðinni og á að teljast með,³⁰ við hlið *Hugsvinnsmála* og *Merlínusspár*, þegar athugað er hvernig lærðir Íslendingar gripu til eddukvæðahátta í þýðingum.

27 *Den norsk-islandske skjaldedigtning*, 2A:141.

28 Eðlilegustu áhersluorðin eru: *Sæmundr – heiðum – berin – ein*, og þá engir stuðlar. Þótt reiknað sé með fleiri áherslum er afar langsótt að *er* í fyrra visuorði stuðli (og þá við *etr* í því síðara), auk þess að umsagnir í setningum fá ógjarnan áherslu í fornum kveðskap, allra síst á eftir frumlagi í ótengdri aðalsetningu. Fremur kæmi til greina að *etr*, fremst í tengdri setningu, stuðli við *ein*; svo les Bjarni Einarsson í *Skáldasögur: Um uppruna og eðli ástaskáldsagnanna fornu* (Reykjavík: Menningarsjóður, 1961), 18 (og telur fyrripartinn óreglulega stuðlaðan á sama hátt þótt „lunda“ beri þar eðlilegan höfuðstaf).

29 *The First Grammatical Treatise*, útg. Hreinn Benediktsson, University of Iceland Publications in Linguistics, 1. b. (Reykjavík: Institute of Nordic Linguistics, 1972), 216, 220. Af nokkrum dæmum, sem kalla má bundið mál, eru þessi meðal þeirra reglulegustu. Í útgáfunni eru þau ekki prentuð sem ljóðlínur — það er aðeins gert við tilvitnanir í kveðskap undir dróttkvæðum hætti (222, 226) eða á latínu (228).

30 Sem eins konar ‚*eddicum minimum*‘ ef mið er tekið af titlinum *Eddica minor*.

HEIMILDASKRÁ

FRUMHEIMILDIR

- Alfræði íslenzk/Íslandsk encyklopædisk litteratur.* 1. b., *Cod. mbr. AM. 194, 8vo.* Útg. Kristian Kálund. STUAGNL. 37. b. Kaupmannahöfn: S. L. Møller, 1908.
- Early English Homilies: From the Twelfth Century MS. Vesp. D. XIV.* Útg. Rubie D.-N. Warner. Early English Text Society, Original Series. 152. b. London: Early English Text Society, 1917.
- Eddica Minora: Dichtungen eddischer Art aus den Fornaldarsögur und anderen Prosawerken.* Útg. Andreas Heusler og Wilhelm Ranisch. Dortmund: Wilh. Ruhfus, 1903.
- Eyrbyggja saga.* Útg. Einar Ól. Sveinsson. Íslenzk fornrit. 4. b. Reykjavík. Hið íslenska fornritafélag, 1935.
- Fire og fyrretve for en stor deel forhen utrykte prøver af oldnordisk sprog og literatur.* Útg. Konráð Gíslason. Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1860.
- The First Grammatical Treatise.* Útg. Hreinn Benediktsson. University of Iceland Publications in Linguistics. 1. b. Reykjavík: Institute of Nordic Linguistics, 1972.
- Fornaldarsögur Norðurlanda.* Útg. Guðni Jónsson. 4 bindi. [Reykjavík]: Íslendingasagnaútgáfan, 1950.
- Grágás: Islændernes Lovbog i Fristatens Tid, udgivet efter det kongelige Bibliotheks Haandskrift.* [1a–b]. Útg. Vilhjálmur Finsen. Nordiske Oldskrifter. 11. og 17. b. Kaupmannahöfn: Berlings Bogtrykkeri, 1852.
- Den norsk-íslandske skjaldedigtning.* Útg. Finnur Jónsson. 4 bindi. Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1912–15.
- The Phoenix.* Útg. N. F. Blake. Old and Middle English Texts. 4. b. Manchester: Manchester University Press, 1964.
- „The Phoenix.“ Útg. James W. Bright. *Wikisource*: [https://en.wikisource.org/wiki/Bright's_Anglo-Saxon_Reader/The_Phoenix.](https://en.wikisource.org/wiki/Bright's_Anglo-Saxon_Reader/The_Phoenix)
- Sturlunga saga.* 3 b. Útg. Örnólfur Thorsson et al. 2. útg. Reykjavík: Mál og menning, 2010.

FRÆÐIRIT

- Bjarni Einarsson. *Skáldasögur: Um uppruna og eðli ástaskáldsagnanna fornu.* Reykjavík: Menningarsjóður, 1961.
- Einar Ól. Sveinsson. *Íslenzkar bókmenntir í fornöld.* 1. b. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1962.
- Kristján Árnason. *Stíll og bragur: Um form og formgerðir íslenskra texta.* Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2013.

- O'Donoghue, Heather. *The Genesis of a Saga Narrative: Verse and Prose in Kormaks saga*. Oxford: Clarendon Press, 1991.
- Pons-Sanz, Sara M. „Two Compounds in the Old English and Old Norse Versions of the Prose Phoenix.“ *Arkiv för nordisk filologi* 120 (2007):137–156.
- Simek, Rudolf. *Altnordische Kosmographie: Studien und Quellen zu Weltbild und Weltbeschreibung in Norwegen und Island vom 12. bis zum 14. Jahrhundert*. Ergänzungsbände zum Reallexikon der germanischen Altertumskunde. 4. b. Berlin/New York: de Gruyter, 1990.
- Svanhildur Óskarsdóttir. „The World and its Ages: The Organisation of an ‘Encyclopaedic’ Narrative in MS AM 764 4^{to}.“ Í Gareth Williams og Paul Bibire, ritstj. *Sagas, Saints and Settlements*, 1–11. The Northern World. 11. b. Leiden: Brill, 2004.
- Yerkes, David. „The Old Norse and Old English prose accounts of the Phoenix.“ *Journal of English Linguistics* 17 (1984):24–28.

Helgi Skúli Kjartansson
Prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands
Stakkahlíð – Enni
IS-105 Reykjavík
helgisk@hi.is